## Bragi Freyr Kristbjörnsson

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Fjallabyggð |
| **Sent:** | föstudagur, 27. janúar 2023 10:02 |
| **Til:** | Fjallabyggð |
| **Efni:** | FS: Innviðir og loftslagsbreytingar - erum við tilbúin? |
| | |
| **Flokkar:** | Vistað í OneCRM; 2301076 |
| **One:** | -1 |

---

**From:** Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
**Sent:** miðvikudagur, 25. janúar 2023 11:25
**Subject:** Innviðir og loftslagsbreytingar - erum við tilbúin?

*Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga*
*– vinsamlega framsendið til tengiliða umhverfismála –*

# Erum við tilbúin? - Innviðir og loftslagsbreytingar

Samband íslenskra sveitarfélaga og Mannvit standa að fræðsluviðburði og pallborðsumræðu á Grand hótel, föstudaginn 3. febrúar frá kl. 8:30 til 10:00. Fjallað verður um loftslagsbreytingar á Íslandi; áhrif á sveitarfélög, fyrirtæki, íbúa og innviði í landinu.

Markmið fundarins er að ræða áhrif loftslagsbreytinga á nærumhverfi okkar, kynna aðgerðir og leiðir til undirbúnings við að verja fyrirtækin, innviði og samfélagið. Jafnframt verður fjallað um hver sé lærdómur sveitarfélaga og til hvaða mótvægisaðgerða má grípa.

Í lokin verður pallborðsumræða þar sem aðilar frá Almannavörnum, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga ræða þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Skráning fyrir staðfund og streymi fer fram á vef Mannvits.

# Dagskrá:

***Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga á Íslandi***
*Anna Hulda Ólafsdóttir, forstöðumaður Skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar, Veðurstofa Íslands*

***Sjávarflóð og varnir sveitarfélaga***
*Fannar Gíslason, forstöðumaður Hafnadeild, Vegagerðin*

***Loftslagsbreytingar og vátryggingar***
*Hulda Ragnheiður Árnadóttir forstjóri, Náttúruhamfaratrygging Íslands*

***Aukinn viðnámsþróttur íslensks samfélags - Hvernig undirbúum við innviði, mannvirki og samfélagið?***
*María Stefánsdóttir umhverfisverkfræðingur, Mannvit*

**Pallborðsumræða:**
- Hrönn Hrafnsdóttir, deildarstjóri loftslagsmál, Reykjavíkurborg

- Kristján Vilhelm Rúriksson, verkefnastjóri/verkfræðingur, Almannavarnir
- Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, Samband íslenskra sveitarfélaga

***Fundarstjóri er Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur, Mannvit***